

## Ferill ökunáms til B-réttinda (almenn ökuréttindi)

Hefja má ökunám við 16 ára aldur.



### Sækja um námsheimild

Nemandi þarf að sækja um námsheimild hjá Sýslumanni. [Hér getur þú séð leiðbeiningar um hvernig þú sækir um námsheimild rafrænt.](#)



### Val á ökukennara

Ökuneminn/foreldrar velja sér [ökukennara](#) og hafa samband við hann.



### Ökuskóli 1

Samhliða verklegum ökutímum tekur neminn Ökuskóla 1. Ljúka þarf Ökuskóla 1 fyrir æfingaakstur.



### Verklegt ökunám

Ökuneminn þarf að taka að lágmarki 10 verklega ökutíma fyrir æfingaakstur. Ökukennarinn metur það hvenær nemandinn er tilbúinn fyrir æfingaakstur.

Æfingaakstur með leiðbeinanda. Sótt er um leyfi á <https://island.is/okunam>. Leiðbeinendur mega vera fleiri en einn.



### Ökuskóli 2

Gott er að taka Ökuskóla 2 þrem til fjórum mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn.



### Verklegt ökunám

Áframhaldandi verklegt nám með ökukennara.



### Ökuskóli 3.

Verklegur og bóklegur skóli. Skráning er á [okuskoli3.is](https://okuskoli3.is) Ökuskóla 1 og 2 ásamt að lágmarki 12 verklegum tímum þarf að vera lokið fyrir Ökuskóla 3.



### Bóklegt próf

Nemandi pantar bóklegt próf á [frumherji.is](https://frumherji.is). Bóklegt próf má taka allt að 2 mánuðum fyrir 17 ára afmælið.



### Verklegt ökunám

Áframhaldandi verklegt nám, að lágmarki 15 tímar alls frá upphafi með ökukennaranum.



### Verklegt próf

Verklegt próf má taka allt að 2 vikum fyrir 17 ára afmælið. Ökukennarinn metur hvenær þú ert tilbúinn í verklega prófið og hann pantar prófið. Verklega prófið er bæði aksturs- og munnlegt próf.

Bráðabirgðaökuskírteini, gildir í 3 ár. Ef nemandi er punktaless í 12 mánuði getur hann farið í aksturmat hjá ökukennara.



### Akstursmat

Nemandi hefur samband við ökukennara og tekur aksturmat hjá honum.

Fullnaðarökuskírteini. Fullnaðarökuskírteini þarf að endurnýja á 15 ára fresti.